

REGLUGERÐ um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

1. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins starfar samkvæmt III. kafla laga nr. 58/1981 um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins sem sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins er að efla lagmetisiðnaðinn. Lögheimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn og jafn marga til vara.

Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar.

Ráðherra skipar fjóra menn samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila:

- a. Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda.
- b. Iðntæknistofnunar Íslands.
- c. Rannsóknastofnunar Fiskiðnaðarins.
- d. Sjávarútvegsráðherra, sem skal hafa hliðsjón af ábendingu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.

Á sama hátt fer um skipun og tilnefningu varamanna.

Skipa skal stjórnarmenn til tveggja ára í senn í fyrsta sinn frá 1. apríl 1984 að telja. Tilnefningar skulu gerðar í marsmánuði.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

3. gr.

Hlutverki sínu skal sjóðurinn leitast við að ná með eftirfarandi aðgerðum:

- a. Aðstoð við tæknilega uppbyggingu.
- b. Aðstoð við þróun vinnsluaðferða.
- c. Aðstoð við þróun vörutegunda.
- d. Aðstoð við öflun markaða erlendis.

4. gr.

Með tæknilegri uppbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýjan og endurbættan vélbúnað og tækjabúnað, sem notaður er í þeirri vinnslurás, sem hráefni í lagmeti fer um þar til varan er fullunnin og tilbúin til afskipunar.

5. gr.

Með þróun vinnsluaðferða og vörutegunda er í reglugerð þessari átt við allar aðgerðir aðrar en greindar eru í 4. gr., sem lúta að því að auka afköst í lagmetisiðjum, bæta

vinnuadstöðu verkafólks í lagmetisiðjum, viðhalda og bæta gæði hráefnis til lagmetisframleiðslu, bæta fullunna vöru og umbúðir utan um vöruna. Þá er og átt við tilraunastarfsemi og rannsóknir, sem hafa framangreint að markmiði.

6. gr.

Með aðstoð við öflun markaða er í reglugerð þessari einkum átt við öflun nýrra markaða fyrir hefðbundnar markaðsvörur, öflun markaða fyrir nýjar vörutegundir og sérstakar aðgerðir til að auka hlutdeild íslensks lagmetis á afmörkuðum mörkuðum, hvort sem er almennt eða einstakar vörutegundir.

7. gr.

Í því skyni að efla lagmetisiðnaðinn á framangreindan hátt ráðstafar stjórn Próunar-sjóðs lagmetisiðnaðarins fé sjóðsins til framleiðenda lagmetis til útflutnings og Sölustofnunar lagmetis. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styðja fyrirtæki sem framleiða einungis fyrir innanlandsmarkað.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ráðstafa fé sjóðsins ýmist sem óafturkræfum styrkjum, lánum sem heimilt er að breyta í styrki eða lánum með mismunandi lánskjörum og tryggingum.

8. gr.

Peir sem óska framlaga úr sjóðnum vegna fyrirhugaðra verkefna skulu senda sjóðsstjórn skriflega umsókn ásamt greinargerð, þar sem gerð er grein fyrir verkefni því sem óskað er framlags til, með sem ýtarlegustum upplýsingum um markmið, tímamörk, og kostnað við verkefnið. Fram skal koma í umsókninni hvort óskað er eftir óafturkræfum styrk eða láni og jafnframt gerð grein fyrir því hvort verkefnið telst til hagsbóta fyrir aðra framleiðendur lagmetis eða einungis umsækjanda. Þá skal umsækjandi um lán gera grein fyrir veðmöguleikum eða öðrum tryggingum.

Ef sérstaklega stendur á er stjórninni heimilt að styrkja verkefni sem þegar er hafin framkvæmd á þegar umsókn um styrk eða lán berst. Sjóðsstjórn er heimilt að kalla fulltrúa umsækjanda á sinn fund til að veita frekari upplýsingar og setja skilyrði um frekari skriflegar upplýsingar áður en erindi er tekið til frekari lokaafgreiðslu.

9. gr.

Við afgreiðslu erinda um framlög úr sjóðnum skal sjóðsstjórn m. a. hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

- a. Gildi verkefnis fyrir lagmetisiðnaðinn.
- b. Gildi verkefnis fyrir framleiðendur hráefnis í lagmeti.
- c. Hvort verkefni hefur gildi fyrir fleiri en einn framleiðanda lagmetis.
- d. Gildi verkefnisins fyrir umsækjandann sjálfan.

Framangreind atriði skulu einnig höfð til viðmiðunar þegar tekin er afstaða til þess hvort veita á óafturkræfa styrki, lán sem heimilt er að breyta í styrk, eða lán og þá með hvaða kjörum lánið skal veita.

Það skal ætíð vera skilyrði framlags úr sjóðnum að viðtakandi skuldbindi sig til að skýra frá framgangi verkefnisins á þann hátt sem sjóðsstjórn ákveður og ætíð á sjóðstjórn rétt á að fylgjast með því að fé sé ráðstafað til fyrirhugaðs verkefnis, en ekki notað til almenns reksturs viðtakanda fjárins.

Sé styrkur úr sjóðnum notaður á annan hátt en hann er veittur til skal endurkrefja styrkþega um fjárhæðina auk vaxta. Lán sem notað er á annan hátt en það er veitt til er uppsegjanlegt án sérstaks fyrirvara.

10. gr.

Tekjur sjóðsins eru fullvinnslugjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og af útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjaldið skiptist þannig:

- a. 1% af fob-verði lagmetis.
- b. 3% af fob-verði saltaðra matarhroгна og frystra þorskhroгна.

Um gjalddaga og innheimtu gjaldsins fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald af sjávarafurðum í lögum nr. 5, 13. febrúar 1976.

11. gr.

Iðnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hver skuli hafa á hendi daglegan rekstur sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnar, þar á meðal innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna.

Ríkisendurskoðun hefur á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu liggja fyrir eigi síðar en í marsmánuði ár hvert og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðinda sama ár.

Sjóðsstjórn skal gera skýrslu um starfsemi sína og senda iðnaðarráðherra ásamt ársreikningum eigi síðar en 30. mars.

Formaður boðar fundi með hæfilegum fyrirvara eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Hann stýrir atkvæðagreiðslum og sér um færslu fundargerðar og annast fundarstjórn að öðru leyti.

Í gjörðabók skal færa ákvarðanir stjórnar og skýrslu um annað það, sem gerist á fundi.

Fundur er ályktunarbær, ef 4 stjórnarmanna eru á fundi, þeirra á meðal formaður sjóðsstjórnar eða varamaður hans, enda hafi verið löglega til fundar boðað.

Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Verði ágreiningur um ákvörðun stjórnar geta 2 stjórnarmenn skotið henni til ráðherra á þeim fundi með bókun í fundargerð og hann ógilt hana innan 10 daga.

Sjóðsstjórn skal senda iðnaðarráðherra afrit af öllum fundargerðum stjórnarfunda að loknum hverjum fundi.

12. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að ráða ritara, sem skal annast ritun fundargerða og annað sem stjórnin felur honum.

Sjóðsstjórn er og heimilt að kveðja á sinn fund sérfróða menn sér til ráðuneytis.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 58, 4. júní 1981.

Jafnframt falla úr gildi 12. gr. til 18. gr. í reglugerð nr. 363/1976 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars, 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.